

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. janúar 2025 í máli nr. 101/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen prófessor.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 19. ágúst 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum 98.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi þann 23. ágúst 2024 var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 26. ágúst 2024. Engar athugasemdir bárust kærunefndinni frá aðilum máls.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, reikningur vegna kaupanna, dags. 29. febrúar 2024, staðfesting á greiðslu hans sama dag, ljósmynd sóknaraðila af númeri bílvélar og skilmálar varnaraðila.

Með bréfi, dags. 14. janúar 2025 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leitaði til varnaraðila í því skyni að panta varahluti fyrir vél í [...] bifreið sem hann hugðist gera upp. Greiddi sóknaraðili varnaraðila fyrir umrædda varahluti alls 265.900 krónur þann 29. febrúar 2024. Að sögn sóknaraðila hafi hann framkvæmt viðgerðina um fjórum mánuðum síðar en þá komið í ljós að hluti varahlutanna pössuðu ekki í vélina, þ.e. stimplar að kaupverði 65.800 krónur, stimplahringir að kaupverði 20.000 krónur og legur (*e. conrod bearing STD*) að kaupverði 12.200 krónur, alls 98.000 krónur. Kveðst sóknaraðili hafa farið á starfsstöð varnaraðila vegna þessa og óskað eftir því að skila varahlutunum gegn endurgreiðslu kaupverðs þeirra. Hafi varnaraðili hins vegar neitað því sökum þess að skilafrestur samkvæmt skilmálum hans væri liðinn.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa við kaupin sýnt varnaraðila ljósmynd af númeri bílvélarinnar en um hafi verið að ræða [...] vél í [...] bifreið. Þá hafi hann veitt varnaraðila allar nauðsynlegar upplýsingar um hvað hann hafi vantað vegna viðgerðarinnar. Sökum heilsubrests hafi sóknaraðili ekki hafið viðgerðina fyrr en fjórum mánuðum eftir kaupin. Hafi sóknaraðili þá uppgötvað að hluti hinna keyptu varahluta væru of litlir. Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því við varnaraðila að skila umræddum varahlutum en varnaraðili hafnað því.

Sóknaraðili ber því við að hafa hvorki fengið upplýsingar við kaupin hversu langur skilafrestur varnaraðila væri né hafi hann verið beðinn um að samþykkja skilmála varnaraðila. Hafi varnaraðili síðar upplýst sóknaraðila um að skilmála hans

mætti finna á vefsíðu hans. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til þess að varahlutirnir hafi verið keyptir í verslun varnaraðila en ekki í gegnum vefsíðu varnaraðila og þar af leiðandi hafi sóknaraðili aldrei kynnt sér skilmálana á vefsíðunni.

Sóknaraðili krefst þess að fá umrædda varahluti endurgreidda enda hafi varnaraðili selt honum varahluti sem pössuðu ekki í vélina þrátt fyrir að sóknaraðili hafi veitt varnaraðila allar viðeigandi upplýsingar um hana við kaupin. Hafi kaupverð þeirra varahluta verið samtals að fjárhæð 98.000 krónur. Kveðst sóknaraðili hafa þegar útvegað sér rétta varahluti hjá öðru fyrirtæki og vilji því ekki fá aðrar vörur í stað þeirra sem varnaraðili hafi selt honum.

Varnaraðili vísar til þess að hafa engar upplýsingar skráðar hjá sér um að sóknaraðili hafi óskað eftir því að skila eða skipta umræddum varahlutum. Þá bendi varnaraðili á að samkvæmt skilmálum hans og gildandi lögum sé skilafrestur 14 dagar. Kveðst varnaraðili ekki veita lengri skilafrest en það.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur er haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. laganna segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Í c. lið 1. mgr. ákvæðisins segir að söluhlutur skuli „*henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]*“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar við afhendingu.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndaúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. laganna.

Í X. kafla nkpl. er fjallað um sameiginlegar reglur um riftun og nýja afhendingu. Í 1. mgr. 49. gr. laganna kemur fram að þegar kaupum er rift falla niður skyldur aðila til að efna þau. Þá segir m.a. í 2. mgr. sama ákvæðis að „*[h]afi kaup verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu samningsaðila má krefjast skila á því sem mótt ekið hefur verið. Aðili getur þó haldið eftir því sem hann hefur mótt ekið þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur tekið við.*“

V

Niðurstaða

Sóknaraðili leitaði til varnaraðila og óskaði eftir varahlutum í [...] í [...] bifreið hans. Sýndi sóknaraðili varnaraðila ljósmynd af númeri bílvélarinnar og gaf honum upp aðrar upplýsingar sem þurfti til að finna viðeigandi varahluti. Greiddi sóknaraðili varnaraðila alls 265.900 krónur í samræmi við útgefinn reikning varnaraðila, dags. 29. febrúar 2024. Þegar sóknaraðili hugðist framkvæma viðgerð á bifreiðinni um fjórum mánuðum síðar kom í ljós að hluti varahlutanna passaði ekki. Nam kaupverð þeirra varahluta, sem ekki pössuðu að mati sóknaraðila, alls 98.000 krónum. Að sögn sóknaraðila óskaði hann eftir að skila umræddum varahlutum en varnaraðili neitaði

að taka við þeim með þeim rökum að skilafrestur vegna kaupanna væri liðinn. Varnaraðili kveðst ekki kannast við að sóknaraðili hafi haft samband við hann vegna skila á varahlutunum en bendir á að skilafrestur vegna varahluta sem ekki passa sé 14 dagar frá afhendingu. Sami frestur eigi við ef annmarkar eða ágallar á keyptum varahlut koma fram eftir afhendingu.

Samkvæmt 3. gr. nkpl. er ekki heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða mundi af nkpl. Í 27. gr. nkpl. er fjallað um fresti til að bera fyrir sig galla, en þeir eru mun rýmri en leiðir af skilmálum varnaraðila og geta skilmálarnir því ekki átt við um hluti sem haldnir eru galla, þótt þeir kunni eftir efni sínu að geta átt við um ógallaðar vörur.

Líkt og að framan greinir eru aðilar ekki sammála um hvort og þá hvenær sóknaraðili óskaði eftir skilum á þeim varahlutum sem ekki pössuðu í bílvélina. Liggur þó fyrir að sóknaraðili lagði fram kvörtun vegna kaupanna til kæruneftndarinnar þann 19. ágúst 2024 eða tæpum sex mánuðum eftir afhendingu þeirra, sbr. 7. gr. nkpl. Verður því talið að tilkynnt hafi verið um gallana innan þeirra fresta sem fram koma í 27. gr. nkpl. Þá leiðir einnig af framansögðu að það hvílir á varnaraðila að sýna fram á að varahlutirnir hafi ekki verið haldnir galla við afhendingu, sbr. 2. mgr. 18. gr. nkpl.

Sóknaraðili byggir á því að hafa leitað til varnaraðila sem fagaðila, með það fyrir augum að kaupa varahluti sem hann hugðist nota til að gera upp vél í [...] bifreið. Kveðst sóknaraðili hafa sýnt varnaraðila ljósmynd af númeri bílvélarinnar og veitt honum jafnframt aðrar upplýsingar sem þörf hafi verið á. Á grundvelli þessara upplýsinga og gagna hafi varnaraðili fundið til ákveðna varahluti og selt sóknaraðila í kjölfarið. Í andsvörum varnaraðila koma ekki fram mótmæli við framangreindri málavaxtalýsingu sóknaraðila og verður hún því lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Þá hefur varnaraðili ekki mótmælt því að sóknaraðila hafi verið afhentir rangir varahlutir við kaupin. Að mati kæruneftndarinnar stóð það varnaraðila, sem sérfræðingi í viðskiptum sem þessum, næst að afla frekari upplýsinga frá sóknaraðila, ef þær voru á einhvern hátt óljósar eða ófullnægjandi í fyrsta kasti, um bílvélina.

Með vísan til alls framangreinds verður að líta svo á að hinir umþrættu varahlutir sem ekki pössuðu í vél sóknaraðila, þ.e. stimplar, stimplahringir og legur, hafi verið haldnir galla við afhendingu samkvæmt a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl., sbr. c. lið 1. mgr. 15. gr. laganna.

Líta verður á kröfu sóknaraðila fyrir kæruneftndinni um endurgreiðslu sem nemur kaupverði tilgreindra varahluta sem yfirlýsingu um riftun kaupanna í skilningi 32. gr. nkpl. Samkvæmt því ákvæði getur neytandi rift kaupum í stað þess að krefjast afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla eru þau að ný afhending hafi ekki farið fram og að galli sé ekki óverulegur. Mat á því hvort galli sé ekki óverulegur byggir á ákveðnu heildarmati þar sem líta þarf m.a. til samnings aðila, atvika við kaupin og áhrif gallans á hagsmuni neytanda.

Eins og mál þetta er vaxið telur kæruneftndin að galli varahlutanna sé ekki óverulegur enda nýtast þeir sóknaraðila ekki. Þá hefur varnaraðili hafnað öllum kröfum sóknaraðila í málinu og hefur ekki í hyggju að ráða bót á gallanum eða afhenda nýja vöru, sbr. 29. og 30. gr. nkpl. Er því fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna og endurgreiðslu kaupverðs að fjárhæð 98.000 krónur gegn skilum á varahlutunum, þ.e. stimplum, stimplahringjum og legum.

VI
Úrskurðarorð

Sóknaraðila, X, er heimilt að rifta kaupum á stimplum, stimplahringjum og legum samkvæmt reikningi varnaraðila, dags. 29. febrúar 2024. Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila kaupverð þeirra, alls 98.000 krónur gegn því að sóknaraðili skili varahlutunum.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson